

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Austurborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	8
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra xxxdeildar um starfið á síðasta ári	9
3 Ytra mat	20
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	20
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	24
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	26
7 Foreldrasamvinna	26
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>)	27
9 Skipulagsdagar	28
10 Fylgigögn	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
10.1 Matsgögn	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs) ...	Villa!
	Bókamerki ekki skilgreint.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: VIL – GET – KANN

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Það sem mér fannst einkenna haustið 2017 voru starfsmannamál því illa gekk að ráða í lausar stöður hjá leikskólum borgarinnar en við vorum þeirrar gæfu aðnjótandi að ná að ráða í allar stöður fyrir haustið. Við þurftum að ráða í 10 stöður og reyndust nýliðarnir okkar mjög vel og smullu fljótt inn í starfsmannahópinn. Þannig að stöðuleiki varð nokkuð góður þegar leið á veturinn og við þurftum ekki að senda börn heim vegna manneklu. Aðlögunin var nokkuð þung þetta árið þar sem við tókum inn næstum því 40 börn og yngdist skólinn því töluvert. Eftir að aðlögun var búin fór vetrarstarfið vel af stað. Þó að ráðningar hafi gengið vel þá gekk ýmislegt á í starfsmannamálum þegar leið á veturinn. Leikskólastjórinn fór í mánaðar veikindafrí á Heilsustofnun Hveragerðis og eftir áramótin hættu nokkrir starfsmenn en okkur tókst sem betur fer að ráða fljótt í þær stöður.

Sú ákvörðun að verða LAL skóli og innleiða Leikur að læra hefur reynst okkur vel og er almenn ánægja með námsefnið. Börnin hafa sýnt mikinn áhuga og hefur þeim farnast vel í náminu og foreldrar tekið virkan þátt í því starfi með börnunum. Nýliðanámskeið eru haldin á haust- og vorönn fyrir nýtt starfsfólk og við nýtum einn skipulagsdag til að fara á ráðstefnu um námsefnið sem allir LAL-skólar mæta á. Á ráðstefnunni er fræðsla í formi fyrirlestra og sýnikennslu á verkefnavinnunni og sáum við um að stýra einni sýnikennslunni og sýndum okkar útfærslur á námefninu. Þannig náðum við að halda námsefninu í stöðugri þróun. Þessi jafningjafræðsla hefur reynst mjög vel og eflt áhuga starfsmanna á námsefninu. Verkefnastjórinn okkar heldur síðan utan um verkefnavinnuna hjá okkur og aðstoðar eftir þörfum.

Vináttuverkefni Barnaheilla sem er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla hefur einnig dafnað mjög vel hjá okkur. Við höfum verið dugleg að senda nýja starfsmenn á námskeið og í vetur fengum við Birte Harksen til að koma til okkar á skipulagsdegi með Tónlistanámskeið í Vináttuverkefninu. Á þessu námskeiði lærðum við lög með hreyfileikjum sem slógu strax í geng og eru þau sungin á öllum deildum. Það er svo gaman að taka þátt í svona verkefni sem hefur metnað í að þróa sig áfram því alltaf er þörf á að vera vakandi yfir þessum málum.

Við vorum í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík þennan vetur og fengu 28 börn af elstu deildinni Kattholti að njóta þess. Börnunum var skipt í fjóra hópa, sjö börn í hverjum hóp og fór hver hópur í fimm skipti í skólann. Tveir kennarar sáu um að fara með hópana og þurftu þau að taka stæto og þóttu börnunum það ekki leiðilegt þar sem margt var að sjá og fræðast um á leiðinni. Í verklega hluta kennslustundanna lærðu börnin ekki eingöngu að mála myndir eða búa til litaskífur því að í umræðunni sem skapaðist við listsköpunina lærðu þau mikið um hugtök myndlistarinnar. Listnám er

ein áhrifaríkasta leiðin til að virkja og rækta sköpunargáfu og lærðu bæði börn og kennarar mikið á samstarfinu.

Allir kennarar í barna- og unglingadeild Myndlistarskólans eru háskólamenntaðir á sviði myndlistar, hönnunar eða byggingarlistar og þeir leggja sérstaka áherslu á að þeir hafi kennsluréttindi. Í tengslum við þetta samstarf var öllu starfsfólki skólans boðið á dags námskeið í janúar sem við nýttum okkur á skipulagsdegi og var yfirskrift námskeiðisins: *Skrúfað frá ímyndunaraflinu, skúlptúr og blandaður efniviður*. Það var almenn ánægja með daginn og fórum við heim reynslunni ríkari í listsköpun. Þetta samstarf er eitt áhrifaríkasta og ánægjulegasta samstarf sem skólinn hefur tekið þátt í og erum við opin fyrir nýjum verkefnum.

Menntastefna Reykjavíkur var í mótn þetta árið og komu stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar og börn að því starfi með hugarflugsfundum, fundarsetum, málstofum og rafrænni Reykjavík þar sem allir gátu komið með hugmyndir.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri fóru á fyrirlestur og málstofu um menntamál sem var haldin í Hörpu með hinum heimþekktu skólamönnum Prófessor Pasi Sahlberg og Doktor Andy Hargreaves undir yfirskriftinni *Forysta í skóla- og frístundastarfi á 21. öldinni – innleiðing menntastefnu*. Þeir eru eftirsóttir fyrirlesarar um allan heim : Sahlberg er finnskur og er þekkur fyrir bókina sína *Finnsku leiðina* sem fjallar um menntamál . Hargreaves er höfundur og ritstjóri fjölda bóka og greina um menntamál og árið 2015 var hann talinn í hópi sex áhrifasmestu fræðimanna í Bandaríkjunum. Það að fá að heyra í þessum fræðimönnum var mikill lærdómur og einstök upplifun sem verður lengi í huga okkar.

Við erum þátttakendur í Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis og ætlum að gefa okkur smá tíma við að innleiða það. Efninu er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsuefningu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Verkefnið snýr bæði að börnum og starfsmönnum í skólanum. Starfsmenn tóku virkan þátt með þátttöku í Heilsuleikum Reykjavíkur í gegnum smáforritið Sidekick sem er App sem stuðlar að aukinni hreyfingu, betri líðan og bættri heilsu. Einnig tókum við þátt með því að hjóla í vinnuna. Börnin voru þátttakendur með leikfimi, útiveru, útinámi, Leikur að læra, Vináttuverkefninu og samstarfi við eldri borgara í Hvassaleiti.

Jólagjafir barnanna vöktu verðskuldaða athygli eins og undanfarin ár en hvert og eitt barn að undanskyldu yngstu börnum skólans er tekið á eintal og spurt hvað það vill gefa foreldum sínum í jólagjöf. Þessi viðtöl voru öll skráð ásamt ferlinu við hönnun gjafanna og fengu foreldrar skráningarbók með hverri gjöf. Hefur þetta fyrirkomulag gefist vel og er foreldum og börnum tilhlökkunarefni og stór liður í lýðræðisþátttöku barna.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíðinni 17. apríl 2018 í Hörpu en þar voru haldnir sameiginlegir tónleikar leikskólabarna. Þeir voru samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins og var þemað í ár *Íslensk leikhústónlist eftir konur*. Það var stórbrotin sjón að sjá um 300 leikskólabörn syngja fyrir troðfullum Eldborgarsal Hörpu. Margir foreldrar voru viðstaddir og stóðu börnin sig frábærlega vel svo unun var að.

Við fengum góða gesti í heimsókn frá starfsmönnum á leikskólanum Laugarsól, Þessar heimsóknir lítum við á sem lið samfélags- og jafningjafræðslu og gefum okkur tíma í þær.

Þrír nemar voru hjá okkur í vetur frá Háskóla Íslands og erum við stolt af að fá nema til okkar. Þessi samvinna hefur gefið mikið til leikskólans og eflir okkur í símenntun.

Í vetur voru starfandi sex karlmenn í Austurborg og stefnum við að því að fjölga karlmönnum í starfi. Einn er búin að ljúka B.ed í leikskólakennarafræðum og fer í mastersnám í haust og annar er að byrja í leikskólakennarafræðum í haust. Það hefur verið gróska í endurmenntun því aðstoðarleikskóla- stjórninn og deildarstjóri fóru í Dipl.Ed-gráðu í meistarávísindum frá HA með áherslu á stjórnun og forystu í lærdómssamfélagi og luku þær því með glæsibrag.

Starfsmannafélagið er mjög öflugt og gerðum við ýmislegt okkur til fróðleiks og skemmtunar. Við stóðum fyrir : Sidekick , Kósý bíókvöldi, Furðufatadegi með tískusýningu fyrir börnin, Jóla skemmtun og jólahlaðborð fyrir starfsmenn og maka þeirra, Dekurkvöld í Natura spa, farið í fimleikasal í Egilshöll með fimleikakennara, Pub Quis og endað með Vogleði starfsmanna. Jákvæður og skemmtilegur starfsmannahópur sem er alltaf tilbúin að fara ótroðnar slóðir.

Foreldarafélagið styður vel við bakið á leikskólastarfinu og bauð leikskólabörnum á leikritið *Strákurinn sem týndi jólanum* en það er saga um strák sem hefur týnt jólagleðinni og er leikhópurinn Vinir höfundar sögunnar. Þeir náðu vel til barnanna og sköpuðust góðar umræður um efni leikritsins. Einnig bauð leikskólinn uppá jólaleikritið *Grýla og jólasveinarnir* í flutningi Þórdísar Arnljótsdóttur sem stýrir Leikhúsi í Tösku. Á vogleðinni fengum börnin að sjá leikritið Kárius og Baktus flutt af leikhópnum Vinir í boði leikskólans og foreldrafélagsins.

Við fengum foreldri í heimsókn sem er frá Japan (Hiroe) til að kynna Japanska menningu. Hún sýndi börnunum japanska fánann, sagði þeim frá ferðalaginu til Japan, sýndi bækur, kenndi þeim *Meistari Jakop og Fyrst á réttunni* á japönsku. Börnin fengu að máta Kimono fyrir stelpur og stráka og líka

Ninja búning ásamt því að hún kenndi þeim nokkrar æfingar í Karate . Einnig kenndi Hiroe börnunum að búa til kisur í Origami sem var mjög skemmtilegt. Það er stórkostlegt að fá svona kennslu og innsýn í menningu barnanna sem dvelja í skólanum og þökkum við henni innilega fyrir.

Undanfarin ár hefur skapast sú hefð í Austurborg að foreldrar elstu barnanna bjóði þeim að koma í heimsókn á vinnustaði sína og var farið í fjóra vinnustaðaheimsóknir þetta árið: *Hafnarhúsið, Nauthól, Hárgreiðslustofuna Krista og Þjóðminjasafnið.*


Einnig fóru börnin í ýmsar aðrar ferðir:

- Þjóðleikhúsið bauð í heimsókn til sín og sáu við sýninguna „Brúðukistan“.
- Umferðarskóli Umferðarstofu heimsótti okkur með fræðslu um öryggisbúnað í umferðinni og umferðarreglur.
- Farið í skoðunarferð með leiðsögn í Hvalasafnið.
- Fengum leiðsögn og skoðunarferð í Árbæjarsafnið.
- Listasafn Íslands var heimsótt og sáu við sýninguna Korrríró og Dillidó.
- Slökkviliðið heimsótti okkur og sýndi okkur búnað sinn og var með fræðslu. Börnin fengu að skoða sjúkrabílinn þeirra.
- Fórum á Sinfóníutónleika fyrir leikskólabörn.
- Heimsókn í Borgarleikhúsið þar sem börnin fóru í ferðalag með Lalla töframanni og fengu að upplifa með honum undraveröld leikhússins á fræðandi og skemmtilega hátt.
- Heimsóttum Rauða Krossinn.
- Æringi kom í heimsókn til okkar og við fórum margar ferðir í bókasafnið í Kringlunni.
- Boðið í Bíó Paradís til að sjá myndirnar Ratatouille og Mjallhvíti.
- Húsdýragarðurinn heimsóttur með fræðslu .
- Fórum að sjá Brúðubílinn.
- Heimsóttum útivistarsvæðið í Gufunesi.
- Fórum í vettvangsferðir í Nauthólsvík, Svartaskóg og Elliðarárdal.
- Héldum tónleika fyrir eldri borgarar í Félagsheimili þeirra í Hvassaleiti.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra

Putaland

Putaland er yngsta deildin á leikskólanum og eru börnin þar fædd frá júní 2015 - apríl 2016.

Á Putalandi hefur aðal áhersla starfsins verið að kenna börnunum að vera í leikskóla, samskipti og leik þar sem börnin hafa ekki öll reynslu af því að hafa verið í dagvistun og fjarri foreldrum sínum.

Putaland hefur einnig unnið eftir námsþáttum Aðalnámsskrár og hefur sú vinna helst einkennst á því að kenna börnunum að vera í samlyndi við aðra og að fara eftir einföldum reglum, börnin hafa verið að læra um líkamann, litina, telja, bókstafina og að klæða sig í og úr.

Unnið hefur verið með Leikur að læra og hefur sú vinna nýst mjög vel í vinnu með námsþætti Aðalnámsskrár Reykjavíkurborgar þar sem læsi í víðum skilningi, hreyfing og sjálfbærni eru markmið verkefnisins. Í vetur hefur gengið vel með að vinna eftir flestum námsþáttunum en ekki áttu allir námsþættirnir við í vinnu með svo ungum börnum.

Leikur að læra hefur gengið mjög vel í vetur. Börnin hafa náð góðum tókum á bók- og tölustöfunum, litunum, formum og dýra heitum. Flestir starfsmenn hafa tekið þátt í vinnunni með Leikur að læra þó hafa tveir starfsmenn haft yfirumsjón með vinnunni. Börnin voru mjög jákvæð gagnvart verkefninu og þótti þeim gaman í Leikur og læra stundum. Foreldraverkefnið sem er tvo morgna í viku hefur gengið vel og hafa flestir foreldrar verið mjög duglegir að taka þátt í því. Þó hefði verkefnið mátt vera sýnilegra í fataherbergi.

Útinám hefur gengið vel í vetur þó hafi verið lítið um það yfir há veturinn þar sem veðráttan hefur haft mikil áhrif. Talsvert verið um ferðir þar sem kerrur leikskólans hafa verið nýttar í ferðirnar. Börnin hafa farið í Húsdýragarðinn, á bókasafnið og í styttri gönguferðir um hverfið. Börnin eru orðin mun öruggari í útiveru en þau voru í haust.



Vináttuverkefni Barnaheilla hefur einnig verið unnið á Putalandi í vetur. Börnin fá lítinn Bangsa (Blær) þegar þau byrja í leikskólanum sem þau mega leika með og hann hughreystir þegar þau eru leið. Unnið hefur verið með tónlistar diskinn sem fylgir verkefninu og kunna þau nokkur lög en lagið um Blæ er í miklu uppáhaldi og er sungið í hverri samverustund. Flest starfsfólk hefur unnið með þetta verkefni á deildinni.

Innra mat Putaland

- Veturinn hefur gengið vel í heildina og gott starfsfólk hjá okkur, einn í námi og ein með uppeldis menntun sem nýtist í starfinu. LAL gekk vel og spennandi að sjá nýja efnið sem er einfaldað fyrir yngstu börnin. Vináttuverkefnið er full flókið fyrir þennan aldur og því höfum við einfaldað verkefnið mjög mikið. Við notum bangsann Blæ mikið og lærum að fara í röð, því það eru ekki allir sem vilja snertingu. Við höfum verið mikið að mála og föndra. Það hefur raðast þannig að þeir sem hafa áhuga á t.d. Leikur að læra hafa tekið það að sér. Það mætti hafa að markmiði að bæta það og fá alla sem eru inni á deildinni til að taka þátt og getað haldið upp LAL stundum. Lubbi hefur dalað dálítið og markmið að hann komi sterkur inn næsta vetur. Í heild hefur veturinn gengið mjög vel fyrir sig flott fólk og yndislegir krakkar.
- Setja leikur að læra stundir niður á ákveðna daga og hafa stjórnandann rúllandi eftir vikum. Að lubbi sé alltaf á ákveðnum dögum. Hafa staf vikunnar eftir lubbabókinni, tákna og hljóða hann. Útbúa gott rými fyrir foreldraverkefnið og kynna það vel og hvetja foreldra til þátttöku. Annars góður vetur að baki og höldum okkar góðu vinnu áfram og bætum í.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
LAL	Að hverju er stefnt? Að börnin fá þekkingu á bókstöfum sínum, annarra og foreldra sinna.	Hvernig framkvæmu m við það? Með því að kenna verkefnið eftir fyrirframákvæðnum ferli og í leik og starfi.	Byrja í sept. – nóv. og aftur jan. – apr.	Margrét og Rakel verkefnastjóri	Verkefnið verður rætt á deildarfundum í vetur og metið jafnóðum.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Að sem flestir nái upp færni í stöfum, litum og líkamspörtum.
Vináttuverkefnið	Læri að vera vinir og taka tillit til hvers annars.	Að vinna með ný útgefið efni frá grunni.	Byrjum í september og verður alla mánudaga í vetur	Margrét	Verkefnið verður rætt á deildarfundum í vetur og metið jafnóðum.	Að börnin læri um vináttu og að þau taki tillit til hvers annars. Læri að leika saman.
Lubbi	Að börnin læri hljóðamyndun á	Með því að lesa úr	Byrjum þegar	Margrét	Verkefnið verður rætt á	Að börnin læri að leika sér með

	skemmtilegan máta. Gekk ekki nógu vel að halda verkefninu gangandi í vetur en ætlum að bæta það næsta vetur.	bókinn um Lubba í samverustundum og leika okkur með hljóðakeðjur.	aðlögun hefur klárast.		deildarfundum í vetur og metið jafnóðum.	tungumálið og leiki sér með hljóðakeðjur.
--	--	---	------------------------	--	--	---

Bangsaland

Bangsaland er næst yngsta deildin á Austurborg og eru börnin þar fædd frá ágúst 2014 - júlí 2015.

Aðal áherslur Bangslands hafa verið að kenna börnunum að vera hluti af hóp og að vera vinur, einnig höfum við lagt mikla áherslu á Leikur að læra, myndsköpun, íþróttir, Vináttuverkefni Barnaheilla og námsþætti Aðalnámsskrár Reykjavíkurborgar.

Það hefur gengið vel að vinna eftir námsþáttunum sem hafa tvinnast inn í nánast allt starf deildarinnar. Við höfum unnið að því að börnin hafi meira um námið sitt að segja og hafa þau fengið að vera virkir þátttakendur í að velja hvaða dót við erum með inn á deild, þau hafa einnig hjálpað til við að velja þemadaga sem við höfum haft annan hvern föstudag í allan vetur og komu upp skemmtilegar hugmyndir frá þeim t.d. höfum við haft Dýrin í Hálsaskógi dag, Ljónadag, Línulangsokkdag svo lengi mætti telja. Unnið hefur verið að því að gera börnin sjálfbærari og meira sjálfbjarga. Þau eru flest öll orðin mjög dugleg að klæða sig sjálf og þau taka þátt í að taka saman á deildinni og setja hlutina á sinn stað.

Þeir námsþættir sem okkur fannst auðveldast að vinna með voru læsi þar sem við notuðum Leikur að læra aðferðina, sjálfbærni og sköpun. Þessir þættir komu upp þar sem áhugi starfsmanna er á þessum sviðum námsþáttanna enda höfum við lagt mikla áherslu á lestur bóka, söng, hreyfingu og myndsköpun.

Leikur að læra hefur gengið mjög vel í vetur, starfsmaður af Ólátagarði kom einu sinni í viku til okkar og hefur verið að þjálfar starfsfólk á deildinni, sem hefur gengið mjög vel. Foreldra verkefni voru á sínum stað og voru foreldrar og börn mjög áhugasöm. Tveir starfsmenn deildarinnar hafa séð um LAL vinnuna á deildinni sem hefur gengið mjög vel. Börnin hafa lært bók- og tölustafi, að bíða eftir að röðin komi að sér og að fara í þrautabraut eftir fyrirfram ákveðnum reglum. Vináttuverkefnið hefur verið í skipulagi á deildinni einu



sinni í viku þar sem börnin hafa verið í litlum hópum og finnum við að þau eru orðin mun betri í samræðum og eru dugleg að segja frá eigin reynslu. Hefðum getað haft þetta verkefni tvisvar í viku, jafnhliða LAL.

Við höfum ekki verið nógu dugleg í útinámi í vetur, veðrið hafði áhrif á okkur yfir há veturinn en samt höfum við reynt að halda þessu við. Við höfum málað snjóinn, kennt börnunum París, tekið listsköpun út, farið í ferðir og margt fleira.

Innra mat Bangsaland

- Þegar litið er yfir veturinn 2017 – 2018 þá má sjá að það sem stendur upp úr er LAL, listsköpun, hreyfing, skráningar og vináttuverkefnið. Það sem að gerði þessa vinnu fram yfir annað auðveldara var að starfsfólk deildarinnar hefur mismunandi áhugamál og því fengu allir starfsmenn að vinna með það sem þau eru best í. Það sem að gerir gott starf er gott samstarf á milli starfsmanna og hafa starfsmenn deildarinnar unnið mjög vel saman, þó ólíkir séu. Einnig hefur deildin verið heppin með að hafa haft þrjá leikskólakennara á deildinni og því hafa skráningar og annað skipulag á deildinni gengið vel. Við höfum haft deildarfundi á tveggja vikna fresti þó svo að þessir fundir hafi dottið niður ca. tvisvar. Það sem var erfitt í vetur var að deildarstjórinn var í fjarnámi og því frá í þrjár vikur fyrir áramót og þrjár vikur eftir áramót en með góðu skipulagi og starfsfólki gekk allt starf sinn vanagang á deildinni.
- Þær umbætur sem þyrfti að vinna með á Bangsalandi næsta vetur er að hafa í huga að hafa vináttuverkefnið tvisvar í viku og athuga hvort verkefnið sé komið út fyrir 2-4 ára börn. Verkefnið var aðeins of þungt fyrir þau yngstu, þá sérstaklega þegar kemur að samræðum. Að fara í fleiri ferðir sem voru á dagskrá síðast liðinn vetur en vegna hálku í vetur og mikilla rigninga í vor var lítið um ferðir hjá okkur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vináttuver kefnið	Að hafa að minnsta kosti tvær kennslustundir í viku. Kaupa nýja námsefnið sem	Fá efnið fyrir 2-4 ára. Hitt er of erfitt. Að minnsta kosti einn sé yfir	Byrjum kennslu í byrjun sept.	Elsa María ber ábyrgð en Berglind framkvæmir.	Stundirnar verða metnar á deildarfundu m þegar þess er þörf. Svo	Markmiðið er að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors

	er fyrir 2-4 ára.	verkefninu.			verður gert innra mat á starfinu næsta vor.	annars með samræðum og söng.
LAL	LAL hefur gengið vel í vetur, þyrftu fleiri starfsmenn að koma sér inn í kennsluaðferðin a svo hún verði virkari.	Það er komið mjög gott hefti þar sem kennslan er sett upp á mjög auðveldan hátt. Nota kennsluheftið meira.	Byrjum verkefnið 1. sept til 31.nóv. Byrjum aftur í 1.feb – 31.maí.	Elsa María og Rakel verkefnastjóri	Verkefnið er metið jafn óðum og verður aðlagð hópnum og getu barnanna jafn óðum.	Markmiðið er að börnin verði búin að ná tókum af stórum hluta stafrófsins, litirnir verði komnir 100% og stærðfræði kunnátta verði á grunnstigi. Að börnin verði búin að læra tölurnar upp að 5 og talnagildi þeirra.
Listkennsla	Listkennsla hefur gengið mjög vel og hafa börnin verið iðin við að skapa.	Unnið eftir verkefnum deildarinnar hverju sinni.	Byrjum 1.sept – 1.júlí.	Margarida	Endurmat á deildarfundum í vetur.	Að börnin fái kunnáttu á litunum og hvernig þeir breytast ef maður blandar þeim saman. Að þau læri að beyta skærum og blýanti. Fyrir utan að læra að njóta þess að vera skapandi.
Íþróttir	Íþróttir hafa verið mjög breytilegar í vetur og hafa börnin fengið að kynnst alls kyns íþróttum t.d. Ballet, jóga, þrautabrautum, stepp dansi, leiklist, boltaleikjum og margt fleira.	Kennslan er sett upp þannig að börn fái að upplifa allskonar og að þau komi aðeins út úr þægindarammanum sínum og prófi nýja hluti.	Byrjum 1.sept – 1.des, byrjum svo aftur 15.jan – 30.júní.	Sigga Björk	Kennslan verður metin á deildarfundum ef þörf er á. Annars metið í innra mati næsta vor.	Að börnin læri að fara eftir fyrirmælum. Að þau fái að upplifa hvað þau geta og að upplifa sigra á því sem þau þora ekki.

Ólátagarður

Ólátagarður er næst elsta deildin á Austurborg og eru börnin þar fædd frá júlí 2013 - september 2014. Á Ólátagarði hefur aðal áhersla starfsins verið námsþættir Aðalnámsskrár þar sem starfsfólk hefur unnið þétt saman að vinnu með þessa þætti. Þeir námsþættir sem okkur fannst auðveldast að vinna með voru læsi, fjölmennning, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi sem og verk- og listnám. Það sem auðvelldaði okkur vinnuna er að það er til mjög mikið af tilbúnu efni sem tengjast þessum þáttum.

Læsi hefur að mestu verið unnið í gegnum hugmyndafræði Leikur að læra sem hefur gengið mjög vel. Börnunum var skipt í hópa eftir aldri fyrir áramót en eftir áramót var ákveðið að skipta þeim eftir getu sem gekk mun betur, þar sem að börnin fengu efni við sitt hæfi. Öll börn sýndu miklar framfarir. Einnig unnum við með útinám og LAL saman þar sem við færðum námið út sem heppnaðist mjög vel. Flest allt starfsfólk tók þátt í vinnunni þó var einn sem var með yfirumsjón yfir verkefninu og að það yrði unnið. Oftast voru tveir kennarar saman með kennsluna til að börnin þyrftu ekki að bíða of lengi eftir aðstoð. Vinnan gekk mjög vel að okkar mati þá sérstaklega eftir að við endurröðuðum í hópana. Líkt og allar deildir leikskólans unnum við eftir Vináttuverkefni Barnaheilla og voru allir starfsmenn með í þeirri vinnu. Í haust byrjuðum við að vinna

með spjöldin þar sem börnin eru meira í samræðum um hvað sé að gerast á spjöldunum og fengum við mjög mikið af hugmyndum og reynslusögum frá börnunum þar sem þau spegla eigin reynslu í myndunum sem við erum að skoða. Við lásum sögurnar úr bókinni og fórum yfir það hvað einelti sé, hvað við getum gert til að stoppa



það og hvernig við huggum okkur og hvort annað. Einnig unnum við mikið með tónlistina sem fylgir verkefninu og lærðu þau öll lögin og dansana. Sum spjöldin voru of erfið fyrir hópinn okkar og sjáum við núna að við hefðum átt að vera duglegri að grípa í verkefnið þegar upp komu vandamál innan deildarinnar, þar sem við hefðum getað notað dæmisögur og annað sem tengist stríðni og þess háttar.

Útinámið var skipulagt eftir því hvernig veðrið var, ýmist fórum við út í garð eða nýttum okkur grasbalann hjá kirkjunni. Þar unnum við hin ýmsu verkefni svo sem Listnám, LAL, vísindi, náttúrufræði og annað sem við tengdum þá vinnu sem við vorum að vinna hverju sinni á deildinni. Einnig fórum við í ferðir og fengum fræðslu til dæmis í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, Grasagarðinum og í Gufunesbæ. Við tíndum orma, köngla, greinar, steina og annað sem tengdust verkefnum sem við unnum að. Þessi vinna gekk mjög vel og virtust börnin mjög áhugasöm.

Innra mat Ólátagarður

- Þegar litið er yfir veturinn þá má sjá að það sem stendur upp úr er LAL, listsköpun, útikennsla, skráningar og vináttuverkefnið. Það sem að gerði þessa vinnu fram yfir annað auðveldara var að starfsfólk deildarinnar hefur mismunandi áhugamál og því fengu allir starfsmenn að vinna með það sem þau eru best í. Það sem að gerir gott starf er gott samstarf á milli starfsmanna og hafa starfsmenn deildarinnar unnið mjög vel saman. Það hefur gengið vel að vinna með þeimavinna þar sem að kennarar náðu að fanga áhuga barnanna og verkefnin fengu að njóta sín í lengri tíma, líkt og unnið var með ævintýrinn um grísina þrjá og Jóa og baunagrasið og spruttu fleiri verkefni út frá þeirri vinnu. Við höfum haft deildarfundi á tveggja vikna fresti og hefur það gengið nokkuð vel að koma því fyrir í skipulagi.
- Það má segja að deildin hafi unnið mjög vel saman í vetur og margt skemmtilegt komið út úr því samstarfi en það sem við sjáum þegar við lítum í baksýnispegilinn þá var Vináttuverkefnið of erfitt fyrir yngri hópinn þá sérstaklega fyrir áramót.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vináttuverkefnið	Að börnin læri að umgangast hvort annað, segja frá ef manni mislíkar og hugga þá sem líður illa. Að hverju er stefnt?	Með því að færa verkefnið í þá getu sem hentar börnunum á deildinni.	Byrjum verkefnið í byrjun sept og líkur í byrjun júní.	Sigríður	Talað um hvernig verkefnið gengur á deildarfundum og metið aftur í innramatinu í vor	Við sjáum að börnin séu að læra af verkefninu þegar þau eru sjálf farin að takast á við ósætti með samræðum og að þau hjálpi hvort öðru þegar þeim líður illa.
LAL	Að börnin nái góðum tókum á bókstöfunum og tölum og talnagildi. Að þau noti bók og tölustafi í leik og starfi því þá eru þau að læra án þess að fatta að það sé meira en	Að fleiri en einn starfsmaður geti unnið með verkefnið.	Byrjum 1.sept-1.des. byrjum svo aftur 15.jan – 15.maí	Sigríður, Rakel verkefnastjóri	Talað um hvernig verkefnið gengur á deildarfundum og metið aftur í innramatinu í vor	Við sjáum árangur þegar börnin eru orðin fær í bókstöfunum og farin að þekkja hver á hvaða staf. Einnig þegar þau eru farin að fatta gildi talna.

	leikur.					
Útikennsla	Að nám og kennsla sé hluti af kennsluformi deildarinnar þó svo að veðráttu hafi bein áhrif á þessa kennslu.	Að fleiri en einn starfsmaður geti unnið með verkefnið.	Byrjum 1.sept – 1.des og byrjum aftur 1.mars – sumarleyfis	Sigríður	Deildarfundum	Við sjáum árangur þegar börnin eru farin að upplifa útiveruna sem skemmtilegan og lærdómsríkan stað.
Hópastarf	Að passa upp á að hópastarfið sé skipulagt starf þar sem allir starfsmenn eiga að geta tekið kennslustund.	Að hópastarfið verði skipulögð vinna sem er fast í dagskipulagi deildarinnar. Allir starfsmenn eiga að geta tekið hópastarf.	1.sept – 1.júní	Sigríður og hópstjórar	Rætt á deildarfundum yfir veturinn. Tekið í innra mati í vor.	Markmiðið með þessari vinnu er að börn vinni í minni hópum og séu að læra eitthvað skipulagt út frá getu og aldri. Að þau vinni upp þol til að sitja við verkefni í lengri tíma og séu þátttakendur í því starfi sem verið er að vinna með hverju sinni.

Kattholt

Á Kattholti eru elstu börn leikskólans og eru þau fædd frá febrúar 2012 - júlí 2013.

Helstu áherslur starfsins á Kattholti hafa verið námsþættir Aðalnámskrá sem og undirbúningur skólahóps fyrir grunnskólagöngu þeirra.

Námsþættirnir hafa endurspeglast á þann hátt að mikið hefur verið unnið með samræðu þar sem börnin fá möguleika á að tjá sig og segja frá upplifunum sínum í hópnum, þar er þeim kennt að bíða eftir að röðin komi að þeim frekar en að yfirgnæfa næsta mann. Mikið hefur verið lagt upp úr hreyfingu og hafa hreyfistundir verið fast einu sinni í viku, einnig hafa börnin fengið mikla hreyfingu í ferðum sem hafa verið farnar einu sinni til tvisvar í viku í vetur. Sköpun hefur verið notuð í allri verkefna vinnu á deildinni og höfum við reynt að vinna listrænt með flest þau verkefni sem við höfum tekið okkur fyrir hendur. Einnig höfum við unnið mikið með læsi í víðum skilningi hvort sem

Það er með bók- tölustafi eða læsi í umhverfið okkar í ferðum.

Leikur að læra hefur gengið sæmilega á deildinni þar sem ekki allt starfsfólk var með reynslu á verkefninu og þurftu því að leika af fingrum fram til að byrja með en var fljótt að koma sér inn í verkefnið. LAL hefur átt mikið pláss í starfi deildarinnar og því starfsfólk fljótt að ná tökunum á því. Börnin hafa tekið miklum framförum



enda mjög áhugasöm og dugleg. Foreldrar hafa einnig verið mjög áhugasamir og hefur þátttaka þeirra á morgun verkefnunum verið mjög góð.

Vináttuverkefni Barnaheilla hefur einnig verið unnið samhliða öðrum verkefnum á deildinni og hefur verkefnið aðallega verið unnið út frá spjöldunum sem eru í vináttukassanum þar sem samræður um tilfinningar, vináttu og einelti hafa átt stóran sess í vinnunni sem og lestur ævintýra um hann Blæ. Þrátt fyrir að starfsfólk hafi ekki fengið formlega fræðslu á verkefninu þá finnst okkur það mjög auðvelt að vinna með, þar sem að í kassanum er allt vel útskýrt og skipulagt. Lærdómurinn í kringum þetta verkefni hefur verið að setja sig í spor annarra og að passa uppá hvað maður sjálfur segir eða gerir ekki bara að setja út á það sem aðrir gera og gera það sama sjálfur.

Útinám hefur verið mikið í vetur á Kattholti bæði í formi ferða og kennslu. Fyrir áramót fórum við oft í Svartaskóg sem er okkar nágrannaskógur og unnum margskonar verkefni þar. Einnig höfum við verið með leikjakennslu þar sem aðal áherslan er að kenna börnunum að fara eftir leikreglum og auðga ímyndunarafl þeirra. Börnin voru áhugasöm og eftirtektarsöm í útináminu og virtist það henta hópnum vel.

Innra mat Kattholt

- Þegar litið er yfir starf vetrarins þá má sjá að það sem stendur upp úr er LAL, listsköpun, útikennsla, skráningar og vináttuverkefnið. Það er margt sem hefði getað farið betur, þrír nýjir starfsmenn byrjuðu á deildinni í haust og deildastjórinn var óvanur deildarstjórnun og því margt fólk að feta sín fyrstu spor í starfi. Það voru smávægilegir erfiðleikar í byrjun vetrar þar sem að starfsmenn höfðu ekki farið á námskeið í LAL né Vináttuverkefnisins vegna veikinda og var þeim því hent út í djúpulaugina, en allt hafðist þetta þrátt fyrir allt. Við höfum haft deildarfundi á tveggja vikna fresti og hefur það gengið nokkuð vel að koma því fyrir í skipulagi.

- Það er auðvitað aldrei hægt að skipuleggja starf í leikskóla út frá því að vera með allt starfsfólkið allan veturinn því við erum oftár en ekki vön mannbreytingum. Næsta vetur ætlum við að vera með hlutina betur skipulagða þannig að starfsfólkið og börnin njóti starfsins betur að þau fái ró til að skapa og læra. Það verður líklega mikil breyting á starfinu þar sem nýr deildarstjóri er að fara að taka við með nýjum áherslum. Við ætlum að vinna með barna heimspeki, þar sem við ætlum að kenna börnunum rökhugsun og fá þau til að rýna sér til gagns.


Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
LAL	Að börnin náí góðum tókum á bókstöfum, að þau séu farin að skrifa nöfnin sín og séu farin að hafa þónokkra þekkingu á tölum og talnagildi.	Með því að hafa LAL kennslu tvisvar í viku og setja okkur markmið með þeirri vinnu sem við ætlum að vinna.	1.sept – 1.des byrjum aftur 15.jan – 1.júní	David, Rakel verkefnastjóri og Jón	Verkefnið er metið reglubundið yfir veturinn. Svo er það metið að vori í innra mati.	Það viðmið sem við setjum okkur á elstu deild er að börnin séu búin að ná góðum tókum á bókstöfunum og farin að hljóða sig í gegnum 2-3 stafa orð. Að þau séu orðin frekar fær í talnalæsi og að þau séu farin að setja saman tölur og finna útkomur þegar tvær tölur eða fleiri eru setta saman.
Vináttuver kefnið	Að vináttuverkefnið verði í skipulögðu hópastarfi tvisvar í viku.	Verði í skipulögðu hópastarfi þar sem einn starfsmaður sér um fræðsluna ca. 30 mín tvisvar í viku.	Frá 1. sept og fram í maí með smá pásu í desember .	David	Verkefnið verður rætt á deildarfundu m og svo gert mat á því næsta vor.	Að börnin læri að ræða hlutina og setja orð á hugsanir og reynslu út frá tilfinningum og samskiptum. Að þau læri að setja sig í spor annarra.
Útikennsla	Útikennsla verðu inn í	Verði reglubundið	Allur veturinn.	David	Útinámið verður metið	Að börnin læri hvernig við eigum

	skipulagi deildarinnar annað hvort í formi ferða, kennslu eða fræðslu.	yfir veturinn.			reglubundið yfir veturinn.	að haga okkur í ferðum, taka tillit til umhverfisins og helstu umferðareglur.
Hópastarf	Að hópastarfið sé skipulagðara og að það sé unnið með þemavinnu í einhvern tíma í einu svo við séum ekki að fara úr einu í annað. Að starfsfólki sé skipt niður og sjái bara um einn hluta af hópastarfinu þannig að við séum ekki öll að sullast í sömu hlutunum.	Verði í skipulagðri dagskrá deildarinnar.	Frá 1.sept – 1.júní.	David, hópstjórar.	Hópastarfið verður metið reglulega yfir veturinn.	Að börnin læri að vinna og einbeita sér við vinnu í lengri tíma. Þar sem að þessi börn eru að fara í grunnskóla í haust fá þau smá undirbúning fyrir hvað mun bíða þeirra.
Grunnskólaheimsókn	Við fáum afnot af íþróttasal grunnskólans, einnig eru skipulagðar heimsókn þeirra til okkar og okkar til þeirra. Að þessar heimsóknir séu skipulagðar strax í haust.	Að dagskrá yfir heimsóknir verði gerð sem fyrst í haust.	Yfir veturinn	David, Agnes og Konný í samstarfi við aðstoðarskólustjóra grunnskólans.	Það hafa ekki verið gerð sérsakt mat á samstarfinu. Mætti íhuga það næsta vor.	Með þessu verkefni eru börnin að fá smjörþefinn af því hvernig grunnskólinn lítur út, hvað það er sem við lærum þar og prófum alls kyns fög t.d. smíði og textílmennt, almenn kennsla og íþróttir.

3 Ytra mat

Á vorönn 2018 var gerð starfsmannakönnun á vegum SFS. Tilgangur matsins er að fá sem dreifðasta viðhorfskönnun starfsmanna á eigin starfi, starfsumhverfi og viðhorfi til leikskólastarfsins ásamt því að huga að velferð starfsmanna hjá Reykjavíkurborg. Starfsmannakönnun var send út til starfsmanna og var því rafræn matsaðferð notuð eins og hefur verið gerð á síðustu árum.

Það sem kom best út úr könnun starfsmannahóps Austurborgar voru þættir eins og starfsmannaánægja, starfsfólk er ánægt og stolt af vinnustaðnum sínum, jafnrétti kynjanna endurspeglast innan starfsmannahópsins, hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi ásamt því að starfsfólki virðist líða vel í Austurborg og bera mikla virðingu fyrir því starfi sem unnið er í leikskólanum. Einnig kom sterkt fram hversu stolt og ánægt starfsfólk Austurborgar er almennt og talar vel bæði um starfið sitt og þá starfsmen sem það vinnur með.



Þeir þættir sem koma hvað lakast út hjá okkur (gulir) er vinnuálag og starfsmannastöðuleiki. Þessir þættir eiga það sameiginlegt að það er mikil vöntun á leikskólakennurum til starfa og einnig of mörg börn í rými leikskólana þannig að vinnuálag eykst og stöðuleikinn hverfur. Skóla og –frístundarsvið stofnaði starfshóp 2017 í því tilefni um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólanna og gaf sá hópur út skýrslu núna í febrúar 2018 *Tillögur um nýliðun og bætt starfsumhverfi* sem í eru aðgerðir í 33 áföngum sem á að innleiða næstu árin en það er nú þegar byrjað að innleiða nokkra af þeim.

Umbótaráætlun 2018-2019 í fylgiriti

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í leikskólanum Austurborg eru tvö börn í 1.flokk (annað með 8 klst í stuðning og hitt með 7 klst í stuðning á dag) og eitt barn í 2.flokk (með um 3 klst á dag). Það er eitt barn í miðju greiningarferli vegna gruns um þroskafráviks, átta börn sem eiga við málörðugleika að stríða og falla undir 3.flokk og

fá þjálfun hjá sérkennslustjóra og tvö börn sem falla undir sama flokk með hegðunarerfiðleika sem verið er að sækja um hegðunaraðstoð fyrir.

Starfsmenn sérkennslunnar eru fjórir talsins að sérkennslustjóra meðtöldum. Sérkennslustjóri er í 100% starfi, einn sérkennari í 95% starfi, einn í 90% starfi og einn í 50% starfi.

Þegar það vaknar grunur um málþroskafrávik eða málþroskaörðugleika hjá barni á Austurborg er sérkennslustjóri yfirleitt kallaður til. Í samvinnu við deildarstjóra og starfsfólk á deild er fylgst með barninu og kannað í hverju vandinn felst, hvort það sé einungis framburðarvandi eða vandamál við tjáningu, málskilning, slakan orðaforða eða annað. Teknar eru viðeigandi skimanir á barni (Orðaskil, Íslenski málhljóðamælirinn, EFI-2 eða TRAS) sem hjálpar starfsfólki enn frekar að finna út hvar vandinn liggur. Út frá niðurstöðum er tekin ákvörðun um viðeigandi íhlutun í málörvun eða hvort vandamálið sé það stórt að þurfi að kalla til utanaðkomandi aðstoð. Ef svo er sér sérkennslustjóri í samráði við deildarstjóra yfirleitt um að ákveða hvort sækja eigi strax um málproskamat hjá talmeinafræðing á Þjónustumiðstöð eða hvort kalla eigi til Fríðu Bjarney í almenna ráðgjöf til að byrja með. Í framhaldi af því er sett af stað einhvers konar íhlutun í málörvun sem sérkennslustjóri, sérkennari eða deildarstarfsfólk sér um að sinna allt eftir því hvað hentar hverju barni.

Sérkennslustjóri býr til einstaklingsnámskrár fyrir börn með málörðugleika á 3-6 mánaða fresti eftir því sem við á og sér um að senda þær á deildarstjóra þeirrar deildar sem barnið er á. Einnig mætir sérkennslustjóri á deildarfundi og kynnir íhlutun barnsins. Yfirleitt er starfsfólk deildar með í íhlutuninni og þessir fundir fara oft í að ræða þessi börn, íhlutunina og hver markmið og næstu skref séu. Markmið úr einstaklingsáætlunum eru notuð þegar verið er að búa til íhlutunaráætlun fyrir barnið.

Sérkennarar hins vegar búa til einstaklingsnámskrár fyrir það barn sem þeir eru með í stuðning í samráði við sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa frá Þjónustumiðstöð. Sérkennslustjóri ber síðan ábyrgð á að þeim markmiðum sé fylgt eftir í þjálfun.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á að upplýsingar til foreldra, svo sem að fundarboð, áætlanir, fundargerðir og þess háttar, skili sér til þeirra en sérkennarar þeirra barna sem hafa fasta tíma á dag sjá um dagleg samskipti.

Lögð er mikil áhersla á að samskipti við foreldra séu góð og lagt er upp með það frá byrjun að allir séu að bera hag barnsins í fyrsta sæti. Foreldrar sérkennslubarna fá fundi með sérkennara og sérkennslustjóra eða sérkennslustjóra og deildarstjóra, allt eftir því sem við á. Þá er verið að ræða stöðu barnsins, markmið, framfarir og fleira. Foreldrar barna með fasta tíma (1. og 2.flokki) fá fundi á 6-8 vikna fresti þar sem farið er vel yfir stöðu barnsins, þjálfun og markmið. Þar er foreldrum oft bent

á viðeigandi fræðslu/námskeið og/eða þeim veitt viðeigandi ráðgjöf frá sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa frá Þjónustumiðstöð.

Samstarf sérkennslunnar í Austurborg við Þjónustumiðstöðina er mjög gott. Sami sérkennsluráðgjafi er inn í flestum sérkennslumálum hjá okkur og höfum við verið mjög dugleg að funda með henni eins oft og æskilegt er varðandi hvert barn. Sérkennsluráðgjafinn er mikill stuðningur við sérkennslustjóra og sérkennara og rammar inn þeirra starf með einstaklingsmiðaðri ráðgjöf og fræðslu.

Samvinna sérkennslustjóra og annara starfsmanna hefur verið mjög gott. Sérkennslustjóri reynir að mæta á flesta deildarfundum þar sem eru sérkennslubörn og farið er þá yfir stöðu þeirra eins og hún er þá stundina, helstu áherslur sem verið er að vinna að og markmið fyrir næstu vikur. Einnig veitir sérkennslustjóri viðeigandi ráðgjöf þegar þörf er á. Starfsmenn geta alltaf leitað til sérkennslustjóra með bæði minniháttar og stærri vandamál varðandi barn sem áhyggjur er af og er þá farið yfir hvað sé best að gera í framhaldi. Hér þurfa að koma fram helstu áherslur í sérkennslu/stuðningi út frá stefnu leikskólans og hvaða verkferlum er fylgt.

Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Útbúa sérstaka starfslýsingu og skriflega áætlun um árstíðabundin verkefni sérkennslustjóra sem farið er markvisst eftir innan Austurborgar.	Að sérkennslustjóri sé með á hreinu sitt hlutverk og sín verkefni auk þess er gott að hafa áætlunina sýnilega fyrir annað starfsfólk leikskólans. Með þessu verður vinnan markvissari og	Með því að gera markvissa áætlun um verkefni og störf og útbúa lista og eyðublöð þar sem farið er eftir ákveðnu ferli.	Hefst að hausti 2018 og lýkur að vori 2019.	Sérkennslustjóri	Sjálfsmat. Búin til ársskýrsla.	Farið verður yfir áætlunina að ári liðnu og athugað hvort náðst hefur verið að sinna verkefnunum sem lagt var upp með og hvort tilefni sé til að breyta uppsetningu á áætlunum.
Að sérkennsla sé með meiri fræðslu á starfsdögum og kvöldfundum,	Að sérkennsla komi með fræðslu í meira mæli fyrir starfsfólk	Að vera með greinagóða kynningu á almennum aðferðum í	Haustið 2018 og vorið 2019 og oftast ef hægt er.	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri.	Endurmat er gert ca. mánuði eftir starfsdag með því að	Metið verður út frá niðurstöðum matsblaðanna um árangur

bæði almenna og á einstökum börnum innan leikskólans sem þiggja sérkennslu. Bæði fræðsla frá sérkennslustjóra og einnig utanaðkomandi sérfræðinga.	leikskólans á starfsdögum. Farið er þá yfir bæði aðferðir og einstök börn og/eða erfiða hegðun og þess háttar. Markmiðið er að þessi fræðsla sé að minnst kosti 20 mín.	hegðunarstjórnun og annars konar málefnum sem snerta sérkennsluna til þess að starfsfólk leikskólans sé í stakk búið til að takast á við þessa þætti. Einnig að þeir séu meðvitaðir um störf og aðferðir sérkennaranna.			dreifa matsblöðum til starfsfólks með spurningum um notagildi fræðslunnar.	fræðslunnar hvað gekk vel og hvað má laga.
Að sérkennslustjóri taki meiri þátt í úrvinnslu og/eða prófun Hljóm-2 prófsins.	Að það komi fleiri að úrvinnslu niðurstaðna. Og að sérkennslustjóri komi að því að plana íhlutun fyrir þau börn sem koma slök út úr niðurstöðum.	Með því að sérkennslustjóri taki Hljóm prófið eða vinni niðurstöður með deildarstjóra sem tekur prófið.	Veturinn 2018-2019	Sérkennslustjóri	Sjálfsmat	Tekur saman markmið sín fyrir veturinn að vori 2019.
Að hafa sérstaka sérkennslufundi eins og deildarfundirnir eru uppbyggðir þar sem starfið er rætt almennt sem og einstök börn.	Að hafa sérkennsluteymis fundi aðra hverja viku í klst. í senn.	Með því að plana fundi fyrirfram og funda fyrirfram.	Veturinn 2018-2019	Sérkennslustjóri	Mat á starfi deilda að vori 2019.	Út frá mati deildarstarfsmanna vor 2019.

Markmið með sérkennslu í Austurborg 2018-2019

- Að hvert barn fái að njóta sín á sínum forsendum, líði vel og nái framförum á sínum eigin hraða, miðað við sinn þroska.
- Að finna styrkleika hjá hverju barni, efla þá þannig að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín til fulls.
- Að hvert barn njóti þeirra mannréttinda að gripið sé inn í þeirra mál, þegar þörf er á með snemmtækri íhlutun og að það fái einstaklingsmiðaða þjálfun.
- Að þau börn sem hafa fasta sérkennslutíma fái sína tíma uppfyllta, og ekki sé verið að nota þjálfna þeirra í önnur störf, s.s. afleysingar. Einnig að þessir tímar séu skipulagðir markvisst og nýttir til fulls (börnin eiga þessa tíma eyrnamerkta fyrir sig samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar og þarf að útskýra þá tíma sem þau hafa farið á mis við hvert sinn).
- Að efla og fræða starfsfólk á deildum til þess að vera í stakk búíð til þess að sinna börnum með sérþarfir á þann hátt sem þau þurfa.
- Að vinna með börnum með sérþarfir á þann hátt að reyna að efla sjálfstæði þeirra og sjálfsmynd þannig að þau geti sem mest tekið þátt í almennu leikskólastarfi.
- Að stuðla að sem bestri þjónustu við börn með sérþarfir, t.d. með því að tryggja að þjálfar fái viðeigandi fræðslu og menntun á sínu sviði.
- Að samstarf milli sérkennsluteymis og deildarstarfsfólks sé gott og upplýsingaflæði sem tengist barni með sérþarfir sé öflugt. Bæði í almennu starfi sem og á deildarfundum.
- Að það séu til viðeigandi gögn í leikskólanum sem nýtast fyrir hvert barn og að það sé aðstaða fyrir einstaklingskennslu fyrir þau börn sem þurfa.
- Að starfsfólk sérkennslu sé í stöðugri símenntun í sinni vinnu og fái tækifæri til að heimsækja aðrar starfsstöðvar og sækja fyrirlestra sem nýtast þeim í starfi ásamt því að fá sérfræðinga á starfsstöð, s.s. hegðunarráðgjafa og sérkennsluráðgjafa. Til þess eins að koma og vera með markvissa fyrirlestra fyrir starfsfólk sem nýtast þeim beint inn í starfi með börnum.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Þegar börn af erlendum uppruna hefja leikskólagöngu sína í Austurborg byrja kennarar á að afla sér upplýsinga um land og menningu barnsins, undirbúa þá pappíra sem þarf á þeirra tungumáli og panta túlk fyrir fyrsta viðtal. Fyrsta viðtal með foreldrum er yfirleitt rétt áður en aðlögun hefst hjá barni eða daginn sem barnið byrjar í aðlögun. Í viðtalinu er farið yfir helstu atriði sem varðar barnið og ef það eru einhverjar sérþarfir, s.s. ofnæmi og þess háttar líkt og venjan er í aðlögunarviðtölum. Einnig skiptir máli að fara yfir forsögu barnsins, þ.e. hvort það sé nýflutt til landsins, hefur verið á öðrum leikskóla, hversu lengi það hefur verið í íslensku málumhverfi og fleira. Þar gefst foreldrum tækifæri á að koma á framfæri ef það eru einhverjar óskir sem varða menningu eða trú barnsins.

Fylgst er sérstaklega vel með málþroska tvítyngdra barna alveg frá upphafi leikskólagöngu þeirra. Misjafnt er hvar þau eru stödd í málinu og hversu fljót þau eru að tileinka sér tungumálið og er vinnan skipulögð út frá þörfum hvers og eins barns. Vinnan með íslenskukennslu barnsins hefst um leið og barnið byrjar hér á leikskólanum og fer þá að mestu fram inn á deild barnsins en stundum þarf frekari íhlutun og kemur þá sérkennslu teymið þar inn í málið með frekari málörvun sem sniðið er að hverju og einu barni. Í sumum tilvikum þarf starfsfólk að leitast eftir frekar ráðgjöf eða fræðslu frá sérfræðingum Skóla- og frístundasviðs og þarf þá stundum að grípa inn í með aðkomu talmeinafræðings eða annarra sérfræðinga frá Þjónustumiðstöð eða Skóla- og frístundasviði.

Við leggjum mikið upp úr því að kynnast menningu hvers og eins barns og viljum við sýna það í almennum deildarstarfi. Sem dæmi hafa foreldrar komið og gert eitthvað með börnunum í leikskólanum í tengslum við menningu þeirra, s.s. að búa til japanska origami óróa og fleira í þeim dúr. Kennarar hafa einnig verið að kenna börnum leikskólans lög á öðrum tungumálum og frætt þau um mismunandi menningu í samverustundum eða á sal. Myndir af fánum barna af erlendum uppruna hanga einnig inni í fataklefa.

Vinna með íslensku sem annað mál fer að mestu leyti fram inni á deild og eru þá starfsmenn meðvitaðir um að hafa orð á öllu sem gert er með börnunum, það er mikið lesið, hlustað á sögur og ævintýri, sungið og fleira sem tryggir að þau séu í sem öflugasta málumhverfi sem mögulegt er. Hugað er að öllum þáttum málsins í vinnu með börnunum. Oft er gott að nota tákn með tali til að byrja með meðan börn eru að ná tökum á íslenskunni. Við dýpkum orðaforða barnanna síðan með því að ræða saman um texta í lögum eða söguþráð í bókum og einnig í almennum umræðum um lífið og tilveruna og oft eru þá notuð þemu til að kafa dýpra í málefnið.

Fylgst er með framförum í málþroska tvítyngdra barna með alls kyns skimunum, svo sem TRAS, Íslenska málhljóðamælinum, EFI-2 og Orðaskilum. Skimanirnar hjálpa starfsfólki að átta sig betur á stöðu barnsins og hvað þarf helst að vinna með í tengslum við barnið. Það er yfirleitt deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra sem sér um að gera viðeigandi skimanir og vinna þeir saman að því að útbúa einstaklingsmiðaða íhlutun sem hentar því barni og mætir því þar sem það er statt. Starfsmenn á deild barnsins auk starfsfólks í sérkennslu sér síðan um vinnuna undir umsjón sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Tengiliðir fjölmennningar í leikskólanum er verkefnastjóri ásamt sérkennslustjóra.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Tilgangur starfsþróunarsamtala í Austurborg eru til að samræma þarfir og óskir starfsmanna svo þeir fái tækifæri til að efla sig í starfi sínu í leikskólanum. Einnig kjörinn vettvangur til að styrkja samskipti stjórnanda og starfsmanna. Starfsþróunarsamtöl fóru fram vikuna 29. janúar – 9. febrúar og fór flest allt starfsfólk í viðtal. Það voru þrír starfsmenn sem fóru ekki í fyrirhugað starfsþróunarsamtal vegna óviðráðanlegra aðstæðna en fengu síðar ófomlegt viðtal við leikskólastjóra til að koma sínum viðhorfum og óskum á framfæri. Viðtölin voru tekin af bæði aðst. leikskólastjóra og leikskólastjóra.
- *Símenntun síðasta árs var fjölbreytt:*
- Barnaheill (allt starfsfólk)
- Slysavarnarnámskeið (allt starfsfólk)
- Tras (sérkennsla)
- Apes (sérkennsla)
- Mímir Fagnámskeið 1 (starfsmaður)
- Diplómunám í stjórnun menntastofnana frá HA (deildarstjóri og aðst. leikskólastjóri)
- Leikur að læra (nýliðanámskeið, allt starfsfólk á hálfan skipulagsdag)
- Myndlistaskóli Reykjavíkur (allt starfsfólk)
- Námsferð ESERA í Milano (starfsmaður)
- Íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn (starfsmaður)
- Námskeið fyrir millistjórnendur Milli starfs og hurðar (starfsmaður)
- Námskeið um innara mat (tveir starfsmenn)
- Námskeið um streitu og álag (starfsmaður)
- Qlik Sens námskeið
- Loris Malagussi safnið á Ítalíu námskeið í Reggio Emilia (tveir starfsmann)

7 Foreldrasamvinna

- Í foreldraráðinu eru þrír fulltrúar foreldra. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur foreldrafélagsins og þar fer fram kosning bæði í foreldrafélagið og foreldraráðið. Foreldraráðið fundar 2-3 sinnum á vetri með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og farið er yfir starf vetrarins og áherslubreytingar ef einhverjar eru.

- Foreldrafundur þegar aðlögun er hafin bæði að vori og hausti þá eru nýir foreldrar boðaðir í sal þar sem farið er yfir áherslur og reglur leikskólans. Foreldrar skrifa þar undir dvalarsamning og fá foreldrahandbók með helstu upplýsingum. En einnig höfum við þann háttinn á að hver deild boðar foreldra til morgunfundar að hausti til að kynna starfsfólk og deildarstarf. Í haust verða kynningar á deildum kl. 9:00 en Putaland sem er yngsta deildin mun bjóða foreldrum á kynningu þegar aðlögun lýkur og jafnvægi er komið í barnahópinn.
 - Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og vori. Þá eru foreldrar boðaðir til viðtals við deildarstjóra þar sem foreldrar fá upplýsingar um hagi barnsins bæði í leik og starfi. Einnig veitir deildarstjóri þeim upplýsingar um starf deildarinnar. Foreldrum gefst alltaf kostur á að ræða við deildarsjóra/ leikskólakennara um hagi barnsins þegar þeir óska.
 - Í Austurborg starfar foreldrafélag og foreldrar ganga sjálfkrafa í félagið þegar barnið byrjar í leikskólanum. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur félagsins með haustfundi leikskólans, þar sem gjald vetrarins er m.a. ákveðið og starfsemin kynnt. Hlutverk félagsins er einkum að efla tengsl foreldra og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Kosið er í félagið á hverju hausti og eru það ca. átta foreldrar ásamt aðstoðarleikskólastjóra sem sitja þá fundi sem félagið ákveður. Foreldrafélagið heldur 2-3 fundi á hvorri önn og eru fundirnir haldnir á kvöldin.
- Foreldrafélagið stendur aðallega fyrir: leiksýningum, páskaeggjaleit, sveitaferð/vorferð, útskriftarferð elstu barnanna, piparkökumálun, jólaballi, kaffihúsið 3 kerti og fyrirlestrum o.fl. Einnig heldur foreldrafélagið utan um facebook síðu undir nafni leikskólans þar sem fer fram upplýsingaöflun og jákvæð skrif.

8 Samstarf leik- og grunnskóla *(Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna)*

- Áherslur vetrarins voru að halda áfram því góða samstarfi sem hefur verið á síðustu árum við Háaleitisskóla. Fóru deildarstjóri elstu barna og aðst. leikskólastjóri síðasta haust á fund með aðst. skólastjóra og yfirmanni Krakkakots (frístund) til þess eins að skipuleggja og brúa bil þessara stofnana með góðu samstarfi. Heimsóknir og áherslur vetrarins lagðar niður með skýrum markmiðum og dagsetningum til að auðvelda öllum eftirfylgni heimsókna. Farið var í heimsókn í Háaleitisskóla í almennar kennslustundir bæði með og án nestistíma, textílmenn, smíðar, bókasafnið og Krakkakot (frístund). Einnig komu bæði Krakkakot og 3. bekkur sem er vinabekkur þeirra barna sem fara í Háaleitisskóla næsta haust. Reynt er að koma á tengslamyndun eldri og yngri barna fyrir grunnskólagöngu þeirra. Einnig nýttum við okkur íþróttarhús Háaleitisskóla á mánudögum ásamt útileiksvæði skólans. Samstarfið gekk að

mestu mjög vel og er áætlað að hafa fund stjórnenda samstarfsins fyrr næsta haust, fyrr en raunin varða fyrir þennan vetur.

9 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar 2018-2019 eru 6 í leikskólanum og af þeim eru 3 þeirra sameiginlegir Háaleitisskóla sem er hverfissskólinn okkar. Sameiginlegir skipulagsdagar með grunnskólanum eru 5. október 2018 og 26. apríl og 20. maí 2019. Aðrir skipulagsdagar eru 7. september og 30. nóvember 2018 ásamt 1. febrúar 2019. Leikskóladagatal fylgir í fylgigögnum.

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn/skráningar

Hér koma sýnishorn af skráningum frá öllum deildum Austurborgar.

Sjóræningjadagur

Þann 13. apríl héldum við sjóræningjadag á deildinni. Krakkarnir komu klædd sem skelfilegir sjóræningjar og var margt gert í tengslum við þá, m.a. lesið bækur og hlustað á sjóræningjalög. Síðan var farið í ratleik úti þar sem markmiðið var að finna grafinn fjársjóð.





Japönsk menning

Hiroe mamma Hörpu kom í heimsókn til okkar og kynnti okkur fyrir japanskri menningu. Það var mjög gaman að heyra hana tala um heimaland sitt, við gerðum Origami, fengum að prófa Kimonoa og syngja söngva á japönsku.

Takk fyrir komuna Hiroe.



Bangsaland, júní 2018



Ferðalag í frumskóginum



Brúðugerð úrvinnsla úr ferð í Þjóðleikhúsið



Í lok október var skólahópi
Katholts boðið í
Þjóðleikhúsið að sjá sýningu
sem heitir Brúðukistan. Þar
fengum við að kynnst honum
Bent sem er
brúðugerðarmeistari með
meiru.



Bent gaf okkur innblástur fyrir
brúðugerð þ.a. við kíktum í
listasmiðjuna okkar og fundum
tilvalin efnivið til brúðugerðar.
Börnin völdu að búa til brúður úr
viðarkubbum. Útkoman var
stórskemmtileg ☺

Börnin fengu sjálf að ráða hvort þau tóku þátt í verkefninu og hvernig brúðan leit út. Börnin notuðu skapandi hugsun til þess að finna út úr því hvernig best væri að koma brúðunni saman.



Vikulega eru sendir vikupóstar til foreldra, við höfum notast við Sway til að gera þessa pósta, hér koma sýnishorn af þessum póstum.



Ólátagarður



Bangsaland

F. h. leikskólans

Hrafnhildur Konný Hákonardóttir	02.07.2018
Leikskólastjóri	Dagsetning

Mat á Leikur að læra

Hvernig hefur deildinni gengið í vetur?

Hafa allir starfsmenn á deildinni tekið þátt?

Hvað gekk vel?

Hvað mætti betur fara!

Námsþættir menntunar

Á hvaða hátt endurspeglast námsþættirnir í starfi ykkar inn á deild?

Hvaða námsþætti er auðveldara að vinna með?

Hvað veldur því?

[illegible][illegible]

This image shows a blank sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.

Útinám

Hvernig var framkvæmd útinámsins á ykkar deild í vetur?

Hvað var gert?

Hvað gekk vel?

Hvað mætti betur fara?

Mat á Vináttu/Barnaheill (Blæ)

Á hvaða hátt hefur deildin unnið með verkefnið?

Vita allt starfsfólk deildarinnar út á hvað verkefnið gengur?

Hvað gekk vel?

Hvað mætti betur fara!

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Uppfæra Skólanámskrá og búa til deildarnámskrá	Að stefna og tilgangur starfsins sé skýrari starfamönnum og foreldrum	Með vinnuhópum á starfsdegi. Deildarstjórar taka saman og búa til deildarnámskrá	Sept 2018	Leikskólastjóri , aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Við lítum til annar leikskóla sem hafa gert deildarnámskrár og skoðum þær.	Við ætlum að vera búin að ljúka vinnunni maí 2019.
Upplýsingamiðlun til starfsmanna um sérþarfir barna.	Að allir séu upplýsir um sérþarfi barna svo hægt sé að bregðist við	Leikskólastjóri/sérkennslustjóri upplýsir starfsmenn á starfsmannafundi að hausti og sérkennslustjóri á deildarfundum þegar það á	Sept 2018	Sérkennslustjóri Leikskólastjóri	Metið með skráningu í fundargerðum.	Maí 2019

	þeim á sama hátt	við.				
Að starfsmenn verði virkari við nám og leik barnanna	Starfsmenn verði virkari í starfi með börnunum s.s. vera meira í hæð barnanna með því að setjast niður hjá þeim til að nýta samskipti og aðstæður sem upp kunna að koma til frekari náms.	Fái fræðslu um nám og leik barna. Stjórar, deildarstjórar og starfsmenn	Sept.2018	Leikskólastjóri Deildarstjórar	Leiðbeiningarviðtöl og eftirfylgni með hverjum starfsmanni. Með skráningum af viðtölum og eftirfylgni á deildarfundum 1x í mánuði.	Maí 2019
Nýta mannauðin betur, hvar liggja hæfileikar, áhugasvið og fl.	Virkari og fróðari starfsmenn	Deildarstjórar taki viðtöl við sitt starfsfólk í nóvember ár hvert og oftár ef þörf krefur.	Sept 2018	Deildarstjórar Aðstoðarleikskólastjóri	Viðtöl sem þurfa eftirfylgni verið tekin aftur 4-6 vikur síðar	Maí 2019
Leikskólastjóri þarf að vera sýnilegri og veita starfsmönnum	Að leikskólastjóri verði sýnilegri á deildum til að	Auka markvissa aðkomu mína að deildum m.a. með því að fara 1x í viku inn á deildir til að skoða starfið sem þar fer fram	Sept 2018	Leikskólastjóri	Skráningar í fundargerðum. Skráningar á lista um starfsmenn skólans.	Maí 2018

endurgjöf.	geta gefið markvissari endurgjöf.	og gefi starfsmönnum endurgjöf. Einnig væri gott að sitja deildarfundir á hverri deild 1x á hverri önn til að taka þátt í starfinu.				
Að gera fjölmennunguna sýnilegri í starfinu	Að öll börn upplifi að menning þeirra skipti máli og að hún sé velkomin.	Fá fræðslu um fjölmenningu, hafa fjölmennungardag og aðkomu foreldra að fræðslunni. Gera hana sýnilegri á deildum.	Sept 2018	Leikskólastjóri Deildarstjóri Kennarar	Skráningar á uppákomum og á deildarstjórafundum	Maí 2019

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Austurborg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Starfsdagur	1 F		1 M	Foreldraviðtöl Bangsaland	1 M	nenningarhátíð/Verkalýðsg	1 L		1 M	Skil á starfsáætlun
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ	Foreldraviðtöl Bangsaland	2 F	Barnamenningarhátíð	2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3 F		3 M	ADLÖGUN	3 M		3 L		3 M	Kaffihúsið 3 kerti	3 F		3 S		3 S		3 M	Foreldravitöl Putaland	3 F	Barnamenningarhátíð	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ	*	4 F	Pálinukaffi	4 M		4 M	Bolludagur	4 F	Foreldravitöl Putaland	4 L	Barnamenningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F	Starfsdagur - G	5 M		5 M	*	5 L		5 Þ		5 Þ	Sprennidagur	5 F	Foreldraviðtöl B + P	5 S	Barnamenningarhátíð	5 M		5 F	
6 M	Frídagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F	*	6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F	Starfsdagur	7 S		7 M		7 F	*	7 M		7 F	Leikskólaráðstefna	7 F		7 S		7 Þ		7 F	Skólaslit í grunnskólum	7 S	
8 M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudag gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M	Kaffihúsið 3 kerti	10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F	Foreldravið Kattholti	11 S		11 Þ	*	11 F		11 M		11 M		11 F	Ömmu og afa dagur	11 L		11 Þ	Þjóðhátíðarvika	11 F	
12 S		12 M		12 F	Foreldravið Kattholti	12 M		12 M	*	12 L		12 Þ		12 Þ		12 F		12 S		12 M	*	12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	*	13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F	*	13 L	
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 F	Rauður dagur	14 M		14 F		14 F		14 S	Pálmásunnudagur	14 Þ		14 F	*	14 S	
15 M		15 L		15 M	Foreldraviðtöl Ólátagarð	15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	Foreldraviðtöl Ólátagarð	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M	Foreldraviðtöl K + Ó	17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ	Kynning Kattholt	18 F	Vetrarfrí grunnskóla	18 S		18 Þ		18 F		18 M	Konudagskaffi	18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ	Vatnsvika	18 F	
19 S		19 M	Kynning Ólátagarður	19 F	Vetrarfrí grunnskóla	19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M	*	19 F	
20 M		20 F	Kynning Bangsaland	20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M	Starfsdagur - G	20 F	*	20 L	
21 Þ	ADLÖGUN	21 F		21 S		21 M		21 F		21 M		21 F		21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F	*	21 S	
22 M	Skólasetning grunnskóla	22 L		22 M	Vetrarfrí Grunnskóla	22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ	Foreldraviðtöl Bangsal.	23 F		23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M	Foreldraviðtöl Bangsal.	24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M	Tjaldavika	24 M	
25 L		25 Þ		25 F	Foreldravitöl Putaland	25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Þorablót / Bóndakaffi	25 M	Vetrarfrí grunnskóla	25 M	Foreldraviðtöl Kattholti	25 F	Sumardagurinn fyrsti	25 L		25 Þ	*	25 F	
26 S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	Foreldravitöl Putaland	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ	Vetrarfrí grunnskóla	26 Þ	Foreldraviðtöl Kattholti	26 F	Starfsdagur - G	26 S		26 M	*	26 F	
27 M	ADLÖGUN	27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M	Foreldraviðtöl Ólátagarðu	27 L		27 M		27 F	*	27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F	Foreldraviðtöl Ólátagarðu	28 S		28 Þ		28 F	*	28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F	Foreldraviðtöl K + Ó	29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F	Starfsdagur	30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Starfsáætlun 2018 – 2019
Leikskólinn Austurborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Inga Pétursdóttir Jensen
Sigríður Edda Hafberg
Hrafnhildur Svansdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur nú lokið við að kynna sér starfsáætlun Austurborgar 2018-2019.

Metnaðarfullt starf er einkennandi fyrir þá starfsemi sem fram fer í Austurborg og áætluð er fyrir komandi skólaár. Mikil áhersla er lögð á fræðslu í leik, haldnir eru sérstakir þemadagar annan hvern föstudag sem hefur vakið mikla hamingju á meðal barnanna. Starf skólans hefur breyst mikið síðustu 10 ár og hefur námsefnið „Leikur að læra“ verið áhrifavaldur þess. Áhugasemi barna á tölum, bókstöfum, litum og fróðleik hefur aukist umtalsvert.

Markmið skólans með sérkennslu fyrir komandi skólaár þykir vel unnið og er foreldraráð sérlega ánægt með skipulagt starf fyrir börn sem eru með annað tungumál sem móðurmál.

Gott upplýsingaflæði til foreldra og forráðamanna er haldið með tilkynningum á samfélagsmiðlum, á leikskóla og í tölvupósti. Samantekt vikunnar berst með tölvupósti, ásamt tilkynningum og er gaman að sjá myndir og fylgjast með starfi skólans.

Augljóst þykir að leikskólinn samanstendur af metnaðarfullu starfsfólki og gott er að starfsáætlun skuli halda því starfi áfram að hvetja starfsfólk sitt til að þroskast og þróast í starfi með fræðslu af ýmsum toga.

Áhyggjuefni foreldraráðs fyrir komandi skólaár er mannekla í leikskólanum og að það muni hafa áhrif á það vandaða og metnaðarfulla starf sem áætlunin gefur til kynna um. Þarf að bregðast við henni fljótt af hálfu Reykjavíkurborgar.